Hjólreiðar - braut		Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit							
Hestamennska		Keppni	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Hvöld					
5 manna knattspyrna blindra		Keppni		Keppni		Keppni		Keppni		Keppni		Úrslit
7 manna knattspyrna spastískra			Keppni		Keppni		Keppni		Keppni		Úrslit	
Blindrabolti		Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Úrslit			
Júdíó		Úrslit	Úrslit	Úrslit								
Bekkipressa				Úrslit	Úrslit	Úrslit		Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	
Róður				Keppni	Keppni	Úrslit						
Siglingar			Keppni	Keppni	Hvöld	Keppni	Keppni	Úrslit				
Skotfimi		Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit		
Sund		Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit		
Borðtennis		Keppni	Keppni	Keppni	Úrslit	Úrslit	Hvöld	Keppni	Keppni	Úrslit	Úrslit	
Sitjandi blak		Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Úrslit	Úrslit		
Hjólástóllakörfubolti		Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Úrslit	Úrslit	
Hjólástóllaskylmingar									Úrslit	Úrslit	Úrslit	Úrslit
Hjólástóllarúðningur							Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Úrslit	
Hjólásóttatennis			Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Keppni	Úrslit	Úrslit	Úrslit		

Á Ólympíumótinu er keppt í 21 íþróttagrein en alls er keppt til verðlauna í 471 grein. Í 19 þessara greina fer keppnin fram í Peking en keppni í hestaíþróttum fer fram í Hong Kong og í siglingum í borginni Qingdao.

Óhætt er að fullyrða að allir íslensku keppendurnir á Ólympíumóti fatlaðra í Aþenu 2004 hafi náð að sýna allar sínar bestu hliðar og árangur þeirra fyllilega staðið undir þeim væntingum sem til þeirra voru gerðar. Enn og aftur sýndu fatlaðir íslenskir íþróttamenn hvers þeir eru megnugir. Ísland skipaði 47. sæti af 136 þjóðum hvað verðlaun varðar, með ein gullverðlaun og þrenn silfurverðlaun - ekki slæmt af einu fámennasta keppnisliði mótsins.

Leiðir þær sem keppendur okkar á Ólympíumóti fatlaðra, hafa valið til að sanna sig eru hvorki auðveldar né öllum opnar. Ólympíumót fatlaðra snúast um getu, íþróttalega viðleitni og glæsileg afrek. Einungis þeir íþróttamenn sem staðist hafa ströng alþjóðleg lágmark öðlast þátttökurétt á Ólympíumótum fatlaðra - því keppir aðeins besta íþróttafólk heimsins úr röðum fatlaðra á Ólympíumótunum.

Þátttakendur Íslands á ólympíumótinu í ár eru flest að stíga sín fyrstu spor á móti af þessu tagi. Þó ungur sé að árum kemur það í hlut Jóns Odds Halldórssonar að miðla af reynslu sinni til hinna keppendanna en hann er sá eini sem tekið hefur þátt í ólympíumóti áður og þekkir þá spennu og hughrif sem slíkum mótum fylgja. Íslensku keppendurnir tilheyra öll nýjum og öflugum hópi fatlaðra íþróttamanna sem án nokkurs vafa eiga eftir að halda hróðri Íslands hátt á lofti á komandi Ólympíumóti sem og um ókomna framtíð.

Verðlaunahafar á Ólympíumótum							
Staður	Ár	Nafn	Félag	Grein	Gull	Silfur	Brons
Holland/ Arnheim	1980	Sigurros Karlsdóttir	Akur	Sund	1		
		Jónas Óskarsson	ÍFR/Völsungur	Lyftingar			1
USA/ New York	1984	Jónas Óskarsson	ÍFR/Völsungur	Sund		1	
		Sigrún Pétursdóttir	ÍFR	Sund		1	2
(hreyfi- hamlaðir)		Oddný Óttarsdóttir	ÍFR	Sund			1
		Haukur Gunnarsson	ÍFR	Frjálsar			2
		Hafðís Ásgeirsdóttir	Akur	Borðtennis			2
		Hafðís Gunnarsdóttir	ÍFR/KR	Borðtennis			1
Bretland/ Stoke Mandeville. (mænu skaðaðir)	1984	Anna Geirsdóttir	ÍFR	Sund			1
		Edda Bergmann	ÍFR	Sund			1
Suður-Kórea/ Seoul	1988	Haukur Gunnarsson	ÍFR	Frjálsar íþr.	1		2
		Lilja M. Snorraddóttir	Tindastóll	Sund	1		2
		Jónas Óskarsson	ÍFR/Völsungur	Sund		1	
		Geir Sverrisson	UMFN	Sund		1	
		Ólafur Eiríksson	ÍFR	Sund			2
		Sóley Axelsdóttir	ÍFR	Sund			1
Spánn/ Barcelóna (hreyfi hamlaðir)	1992	Geir Sverrisson	UMFN/Ármann	Sund/frj.	1		1
		Ólafur Eiríksson	ÍFR/KR	Sund	2		2
		Lilja M. Snorraddóttir	SH	Sund		1	4
		Kristín R. Hákonard.	ÍFR	Sund		1	1
		Rut Sverrisdóttir	Akur/Óðinn	Sund			2
		Birkir R. Gunnarsson	ÍFR	Sund			1
		Haukur Gunnarsson	ÍFR/Ármann	Frjálsar			1
Spánn/ Madrid (proska- heftir)	1992	Sigrún H. Hrafnisdóttir	Ösp	Sund	9	2	
		Guðrún Ólafsdóttir	Ösp	Sund	5	2	2
		Bára B. Erlingsdóttir	Ösp	Sund	4	1	3
		Katrín Sigurðardóttir	Ösp	Sund	4	1	
USA/ Atlanta	1996	Kristín R. Hákonard.	ÍFR	Sund	3		1
		Ólafur Eiríksson	ÍFR/SH	Sund	1	1	1
		Pálmar Guðmundsson	ÍFR	Sund	1		1
		Birkir R. Gunnarsson	ÍFR/Egír	Sund			1
		Sigrún H. Hrafnisdóttir	Ösp	Sund			1
		Geir Sverrisson	Ármann	Frjálsar		3	
Ástralía/ Sydney	2000	Kristín R. Hákonard.	ÍFR	Sund	2		2
Aþena/ Grikkland	2004	Kristín R. Hákonard.	ÍFR	Sund	1	1	
		Jón O. Halldórsson	Reyni/UBKi	Frjálsar íþr.		2	

Saga og þróun Ólympíumóts fatlaðra



Texti: Ólafur S. Magnússon



Gríðarlegar breytingar hafa orðið á alþjóðaiþróttahreyfingum og íþróttastarfi fatlaðra undanfarna áratugi og vænta má fleiri breytinga ef að líkum lætur. Vitund og áhugi alls almennings hefur aukist og fleiri og fleiri fatlaðir einstaklingar hafa fengið áhuga á íþróttum og iðkun þeirra. Í kjölfar þessarar vitundarvakningar hafa íþróttatilboð og tækifæri til þátttöku í íþróttum fatlaðra aukist og óhætt er að fullyrða að þátttaka í íþróttum sé orðin raunhæfur valkostur nánast alls staðar í heiminum.

Þróun Ólympíumótsins

Árið 1948, skipulagði sir. Ludwig Guttmann íþróttamót í Stoke Mandeville í Englandi, fyrir fyrrum hermenn úr seinni heimstyrjöldinni sem hlotið höfðu mænuskaða í kjölfar stríðsátakanna. Stoke Mandeville varð þannig vagma íþróttastarfs fatlaðra og Sir. Ludwig, sem þar starfaði sem taugaskurðlæknir við Aylsbury sjúkrahúsið, frumkvöðull íþróttatlaðra. Fjórum árum seinna tóku keppendur frá Hollandi þátt í mótinu og fyrsti visir að alþjóðaiþróttahreyfingu fatlaðra myndaðist.

Mót fatlaðra íþróttamanna í líkingu við sjálfa Ólympíuleikna var fyrst haldið í Róm 1960 og kallast nú Paralympic Games eða Ólympíumót fatlaðra. Á Ólympíumótinu sem haldið var í Toronto 1972 bættust aðrir fötlunarhópar í hóp mænuskaðra þátttakenda og hugmynd um að blanda hinum ýmsu fötlunarflokkum saman á alþjóðamótum kviknaði. Þetta sama

ár var síðan fyrsta Vetrarólympíumót fatlaðra haldið í Svíþjóð.

Í Ólympíumótum dagsins í dag er keppt í 6 fötlunarflokkum þ.e. í flokkum mænuskaðra, blindra og sjónskertra, aflimaðra, spastískra, þroskaheftra og Les autres (annarra fötlunareinkenna). Samkvæmt ákveðnum flokkunarreglum keppa mismunandi fötlunarhópar innbyrðis í ýmsum greinum og því undirstrikar mótið íþróttalega getu viðkomandi en ekki fötlun hans.

Frá árinu 1960 hefur Ólympíumótið stöðugt vaxið að umfangi og glæsileika. Þannig hefur fjöldi þátttakenda aukist frá þeim tíma úr 400 keppendum frá 23 löndum í að vera 3.806 keppendur frá 136 löndum eins og raunin varð í Aþenu 2004. Á Ólympíumótinu sem fram fer í Peking í septembermánuði nk. er gert ráð fyrir þátttöku um 400 þúsund íþróttamanna frá 150 löndum

Neðangreind tafla sýnir þá fötlunarflokka og fjölda einstaklinga og landa sem þátt hafa tekið í Ólympíumótum fatlaðra frá upphafi.

Ólympíumót fatlaðra hafa ávallt verið haldin sama ár og Ólympíuleikar fara fram. Allt frá því er mótið fór fram í Suður-Kóreu 1988 og 1992, er vetrarólympíumótið fór fram í Albertville, hafa mótin ávallt verið haldin í sömu íþróttamannvirkjum og keppni á Ólympíuleikunum fer fram í.

Þann 19. júní 2001 undirrituðu síðan IOC (Alþjóðaólympíuhreyfingin) og IPC (Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra) samkomulag sem tryggir skipan þessa um ókomna framtíð. Frá árinu 2012 sækja þau lönd sem áhuga hafa á að halda Ólympíuleika jafnframt um að taka að sér framkvæmd Ólympíumóts fatlaðra.

Peking í Kína er framkvæmdaraðili næsta Ólympíumóts fatlaðra sem fram fer í september nk.

2004	Aþena	136	3086	* * * * *
2000	Sydney	123	3843	* * * * *
1996	Atlanta	103	3310	* * * * *
1992	Barcelona/Madrid	83	3020	* * * * *
1988	Soul	62	3053	* * * * *
1984	New York/Stoke Mandeville	45	3900	* * * * *
1980	Arnhem	42	2500	* * * * *
1976	Toronto	42	1600	* * * * *
1972	Heidelberg	44	1000	* * * * *
1968	Tel Aviv	29	750	* * * * *
1964	Tokyo	22	370	* * * * *
1960	Róm	23	400	* * * * *
1952	Stoke Mandeville	2	130	* * * * *

Saga og þróun Ólympíumóts fatlaðra



Stoke Mandeville & NY 1984



Seoul 1988



Barcelona 1992



Atlanta 1996



Sydney 2000



Aþena 2004

HALTU ÁFRAM

POWERADE inniheldur allan vökva, sölt og steinefni sem þú þarft til að halda áfram af krafti og vera í þínu besta formi.




POWERADE®

Íslandsmót íþróttasambands fatlaðra

Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í boccia, bogfimi, borðtennis, frjálsumíþróttum, lyftingum og sundi

Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í sundi var haldið í innilauginni í Laugardal, helgina 29. – 30. mars. 75 keppendur frá 11 íþróttafélögum tóku þátt í mótinu. Sundnefnd ÍF sá um framkvæmd mótsins í samvinnu við Sundsamband Íslands. Alls voru 13 Íslandsmet sett á mótinu og þar af setti Hrafnkell Björnsson úr ÍFR 5 Íslandsmet.

Helgina 4. – 6. apríl fór fram Íslandsmót ÍF í boccia, bogfimi, borðtennis, frjálsum íþróttum og lyftingum. Keppni fór fram í Frjálsíþróttahöllinni Laugardal, Laugardalshöll og ÍFR húsinu, Hátúni 14. Keppendur voru um 270 frá 16 íþróttafélögum. Keppendur á Íslandsmótum ÍF þessar tvær helgar voru því 345.

Umsjón með framkvæmd mótsins höfðu Íþróttanefndir ÍF, boccianefnd, bogfiminefnd, borðtennisnefnd og frjálsíþróttanefnd. Arnar Már Jónsson og Magnús Ver Magnússon sáu um framkvæmd Íslandsmóts ÍF í lyftingum í samvinnu við ÍF. Þriðja árs nemar KHÍ íþróttakennaraskorar á Laugarvatni voru starfmenn mótsins, en verkefnið er liður í námskeiði KHÍ um íþróttir fatlaðra.






Íf



Ýmir sf





Microsoft®



Markmið lyfjafyrirtækisins GlaxoSmithKline er að gera fólki kleift að áorka meiru, lifa betur og lifa lengur.



Lindi ehf
Ketilsbraut 13
640 Húsavík



Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu 2008

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu fóru fram í knattspyrnuhöllinni á Akranesi laugardaginn 24. maí. Sturlaugur Sturlaugsson, formaður Íþróttabandalags Akraness bauð keppendur velkomna og setti mótið. Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir, íþróttakennari stjórnaði upphitun og Þórður Guðjónsson, knattspyrnumaður afhenti verðlaun. Dómarar voru frá knattspyrnudómarafélagi Akraness, en helstu skipuleggjendur á Akranesi voru Guðlaugur Gunnarsson frá KSÍ og Jón Þór Þórðarson íþróttafulltrúi ÍA.

Þátttakendur voru um 40, keppt var í tveimur styrkleikaflokkum og konur og karlar kepptu saman í liði. Allir aldursflokkar kepptu saman og allir höfðu gaman af þó keppnissskapið sé í öndvegi hjá flestum, mismikið þó. Þátttakendur voru frá íþróttafélögunum Ösp, Reykjavík,

Nesi, Reykjanesbæ, Þjóti, Akranesi og Suðra „Selfossi. Mikil áhersla er lögð á að allir þeir sem áhuga hafi geti verið með, hvort sem um er að ræða byrjendur eða lengra komna og því eru lið mjög fjölbreytileg á þessum mótum.

Úrslit voru eftirfarandi;

Styrkleikaflokkur 1

Ösp 1

Nes A+

Nes A

Styrkleikaflokkur 2

Ösp 2

Ösp 3

Suðri

Þetta var samstarfsverkefni Íþróttasambands fatlaðra, Knattspyrnusambands Íslands, Íþróttabandalags Akraness og Íþróttafélagsins Þjóts á Akranesi. Undanfarin ár

hefur Íþróttasamband fatlaðra og Knattspyrnusamband Íslands staðið fyrir slíkum leikum innanhúss og utanhúss í samstarfi við aðildarfélög ÍF.

Samstarf ÍF og KSÍ hefur miðað að því að efla áhuga fatlaðra á knattspyrnuíðkun og koma af stað umræðu um gildi þess að fatlaðir geti stundað knattspyrnu, hvar á landi sem þeir búa. Markmiðið er að knattspyrnufélög taki þátt í þessu samstarfi og bjóði upp á æfingar fyrir fatlaða og/eða skapi þeim skilyrði til að taka þátt í æfingum með sínum jafnöldrum. Stefnt er að því að ÍA standi að knattspyrnuæfingum fyrir fatlaða í haust í samstarfi við Íþróttafélagið Þjót.

Glitnir er aðalstyrktaraðili Special Olympics á Íslandi.

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu 2008



Myndasýrpa

Myndasyrpa



ÖFLUG



VALITOR

VALITOR er öflugur arftaki VISA Íslands. Hlutverk okkar er að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og lausnir á sviði greiðslumiðlunar og stuðla þannig að árangursríkum viðskiptaháttum í samfélaginu.

Við höfum haft forystu um að byggja upp íslenskt greiðslukortumhverfi sem er með því þróaðasta í heiminum. Á grunni þessarar reynslu veitum við sveigjanlega, fjölbreytta og trausta þjónustu sem er sniðin að þörfum og óskum íslenskra sölufólka. Þjónustuver okkar sinna þjónustu við viðskiptavinum allan sólarhringinn, árið um kring.

Reynsla, þekking og háþrúð tækni gefa okkur kost á að tryggja enn betur öryggi þjónustunnar og þróa nýjar lausnir sem standast allþjóðlegan samantun.

Við vitum að besta mælikvarðinn á þjónustu okkar er ánægja viðskiptavina.

Ávinningur viðskiptavina VALITOR:

- ▣ Öryggi
- ▣ Sveigjanleiki
- ▣ Fjölbreyttar lausnir
- ▣ Þjónusta í 24 tíma alla daga ársins
- ▣ Þjónusta miðin að óskum íslenskra sölufólka

VISA

VALITOR
—Virk miðkun verkefna

Pokasjóður styrkir Sumarbúðir ÍF á Laugarvatni



Allar götur síðan 1986 hefur Íþróttasamband fatlaðra starfrækt sumarbúðir fyrir fatlaða einstaklinga á Laugarvatni. Sumarbúðir ÍF hafa ætíð verið vel sóttar og í ár stefnir í metþátttöku og hafa vel yfir 100 umsóknir borist. Margir af væntanlegum þátttakendum hafa sótt sumarbúðirnar í áraraðir og sumir jafnvel sleppt sólarlandaferðum með fjölskyldu og vinum til að komast í paradísina á Laugarvatni!

Undanfarin ár hefur Pokasjóður styrkt Sumarbúðir ÍF með myndarlegu framlagi. Í ár hljóðaði styrkurinn upp á eina og hálfa milljón. Styrkir þessir hafa skipt ÍF miklu máli, en sumarbúðir sem þessar eru mjög kostnaðarsamar og verða ekki reknar nema með þátttöku velviljaðra aðila. Pokasjóður hefur gert ÍF kleift að halda kostnaði þátttakenda í algjöru lágmarki.

Við, aðstandendur Sumarbúða ÍF á Laugarvatni, kunnum Pokasjóði bestu þakkir.

Jóhann Arnarson, forstöðumaður Sumarbúða ÍF





Íþróttafélagið Eik á Akureyri 30 ára.

Í maí sl. fögnuðu Eikarfélagar ásamt gestum, 30 ára afmæli félagsins.

Íþróttafélagið Eik var stofnað þann 16. maí 1978 í Lundarskóla á Akureyri. Stofnfélagar voru alls 86, en í dag eru félagar um 140 talsins.

Á stofnfundi félagsins var vor í lofti og allur gróður að vakna til lífsins, það gerði einnig trjátegundin eik sem varð nafn hins nýstofnaða félags.

Nafngift félagsins átti því vel við gróandann og hug félagsmanna um framtíð þess. Einn fundarmanna hafði m.a. á orði að eikin yrði alla trjáa elst, stæði á traustum rótum og stæði af sér áföll og hret, og óskaði þess, að það gengi einnig eftir um hið nýstofnaða félag sem skotið hafði rótum á þessu bjarta vorkvöldi. Þessar óskir hafa gengið eftir, því félagið hefur vaxið, dafnað og eflst allt frá stofnun þess.

Sigurður Magnússon fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍSÍ og fyrsti formaður Íþróttasambands fatlaðra var aðalhvatamaður að stofnun íþróttafélaga fatlaðra á landinu. Hann ásamt Margréti Rögnvaldsdóttur, að öðrum ólöstuðum, voru aðalhvatamenn að stofnun Íþróttafélagsins Eikar, sem er jú fyrsta íþróttafélagið hér á landi, sem sérstaklega var stofnað fyrir þroskahefta íþróttamenn.

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu Margrét Rögnvaldsdóttir formaður, Svanfríður Larsen ritari, Guðríður Bergvinsdóttir gjaldkeri og Aðalheiður Pálmadóttir og Pétur Pétursson meðstjórnendur. Frá stofnun félagsins hefur fjöldi fólks setið í stjórn þess og nokkrir hafa verið nánast frá upphafi. Allt þetta fólk og margir aðrir hafa sýnt mikla fórnfýsi og unnið gífurlega mikið starf sem seint verður fullþakkað.

Núverandi stjórn er þannig skipuð, formaður Haukur Þorsteinsson, varaformaður Ragnheiður Austfjörð, ritari Ólafur Njáll Óskarsson, gjaldkeri Stefán Jónsson og meðstjórnandi Höskuldur Stefánsson. Varastjórn skipa Aðalheiður Gísladóttir, Guðrún Helgadóttir og Valdimar Sigurðsson. Kiwanisklúbburinn Kaldbakur á Akureyri hefur stutt félagið mjög lengi og með ýmsum hætti, m.a. hafa tveir félagsmenn úr þeirra röðum setið í stjórn Eikar og hver þeirra oftast tvö ár í senn.

Fljótlega eftir stofnun félagsins byrjuðu íþróttæfingar m.a. í boccía. Nokkrum árum eftir stofnun félagsins fjölgaði ört þeim sem stunda vildu íþróttir fatlaðra og aukin starfsemi kallaði á enn fleiri æfingatíma. Á sumrin eru nokkrir félagar sem leggja stund á knattspyrnu og frjálsar íþróttir.

Á undanförunum árum hefur starfssemi félagsins verið í nokkuð föstum skorðum og byggist að

Íþróttafélagið Eik á Akureyri 30 ára.



stærstum hluta á íþróttaæfingum og þátttöku í fjölmörgum mótum innanlands, að öllu jöfnu tekur félagið þátt í 7-8 mótum árlega, víðs vegar á landinu.

Á fyrstu árum félagsins átti félagið enga peninga en marga góða að. Sem dæmi fóru tveir af fyrrum félögum okkar með í eina ferðina og elduðu mat við mjög erfiðar aðstæður fyrir 40 manns í heila viku á Varmá og Öskjuhlíðarskólanum.

Hápunkturinn á því herrans ári 1980 var íþróttahátíð sem mun væntanlega vera fyrsta opinbera íþróttamótið fyrir þroskahefta hér á landi. Íþrótt- og æfingabúðir voru síðan árviss viðburður hjá félaginu með eða án annara félaga allt fram til ársins 1985, þá oftast á Stóru-Tjörnum.



Fjölmargir aðilar hér í bænum, bæði einstaklingar, félagasamtök og fyrirtæki hafa staðið mjög þétt að baki félaginu með gjöfum og öðrum stuðningi. Slíkt er ómetanlegt.

Það er ósk mín að sá vorgróður sem skaut rótum fyrir þrjátíu árum, haldi áfram að þroskast og dafna til blessunar fyrir Íþróttafélagið Eik um ókomin ár.

Haukur Þorsteinsson,
formaður Eikar, Akureyri.



Vetraríþróttanámskeið ÍF, VMÍ og Winter Park í Colorado

Íþróttasamband fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri stóðu fyrir námskeiði í vetraríþróttum fatlaðra í Hlíðarfjalli á Akureyri, dagana 7. – 9. mars.

Á námskeiðinu voru 14 börn og fullorðnir með mismunandi fötlun. Beth Fox, ein af forstöðumönnum í Winter Park í Colorado var aðalleiðbeinandi en aðrir leiðbeinendur voru íslenskir. Mjög erfitt hefur reynst að ná til blindra einstaklinga og þeir hafa ekki mætt á námskeiðin hér á landi fyrr en nú. Bergvin Oddsson var fyrsti blindi þátttakandinn og í kjölfarið fylgdi formaður ÖBÍ, Halldór Guðbergsson sem er sjónskertur. Þeir hafa því brotið ísinn fyrir aðra blinda og sjónskerta á Íslandi og vonandi mæta fleiri úr þessum hópi á næstu námskeið. Blindir og sjónskertir keppa á Paralympics í norrænum greinum og alpagreinum og fjölmargt blint fólk erlendis stundar þessar greinar sér til ánægju eða með keppni í huga. Í fyrsta skipti var kennt á snjóbretti en óskað var eftir því fyrir hreyfihamlaðan dreng. Hann náði fljótt góðum tókum á brettinu og kennslan gekk mjög vel. Fyrsti dagurinn fór í að meta þörf á aðstoð en þátttakendur voru sumir algjörir byrjendur. Það var ljóst á þriðja degi að framfarir þessa einu helgi höfðu orðið mjög miklar og nokkrir eiga að geta nýtt skíðaskóla með öðrum börnum eftir að hafa fengið leiðsögn á námskeiðinu. Fyrir aðstandendur var upplifunin sterk, ekki síst hjá þeim sem mættu í Hlíðarfjall til að skoða málin og voru að prófa hvort þetta væri í raun hægt. Í kjölfar námskeiðsins var haldinn fundur í Hlíðarfjalli 10. mars þar sem rætt var samstarf á sviði fræðslu og þjálfunar.

Þar kom fram að Skíðaskólinn í Hlíðarfjalli leggur áherslu á að fatlaðir nemendur mæti á námskeið sem haldin eru fyrir nemendur grunnskóla. Stefnt er að því að koma á fót samstarfi við Skíðasamband Íslands og fagaðila á Íslandi þannig að öll skíðasvæði á landinu verði tilbúin til þess að taka á móti fötluðu fólki og veita aðstoð sé þörf á því.

vetraríþrótt- og útivistar fyrir fatlaða. Winter Park er stærsta vetrar og útivistarsvæði Bandaríkjanna og þar fer fram afreksþjálfun fatlaðra skíðamanna. Fjölbreytt útivistar- og vetraríþróttatilboð eru í boði allt árið fyrir fatlaða og mörg þúsund manns, börn og fullorðnir nýta þessi tilboð á hverju ári. Tengsl mynduðust við Winter Park í kjölfar námskeiðs árið 2006 en þá var fulltrúi Winter Park í hópi leiðbeinenda frá Challenge Aspen, sem hafa verið samstarfsaðilar ÍF og VMÍ frá árinu 2001. Íslensk hreyfihömluð stúlka, Erna Friðriksdóttir frá Egilsstöðum hefur æft og keppt í Winter Park í vetur og hefur náð góðum árangri. Hún býr á Egilsstöðum og mætti á fyrsta námskeiðið í Hlíðarfjalli árið 2000. Faðir hennar lærði á skíði til að geta fylgt henni eftir og hún hefur nú náð þeim frábæra árangri að æfa og keppa með landsliði USA sem æfir í Winter Park. Hún stefnir markvisst á að ná langt og hefur með þessu rutt brautina fyrir aðra fatlaða sem áhuga hafa á að æfa og keppa á skíðum.

Allt frá upphafi hefur reynst erfitt að fá fólk til að taka þátt í þessum námskeiðum á Íslandi og mikil vinna hefur farið í að ná til fólks. Nú virðist sem breyting sé að verða á því og að fleiri geri sér grein fyrir því að engin ástæða er til að útiloka útivistarmöguleika sem ekki hafa verið prófaðir! Sagt er að góðir hlutir gerist hægt og vonast er til þess

að þessi samstarfsverkefni við Challenge Aspen og Winter Park í Colorado muni skila margvíslegum árangri í framtíðinni.



Formlegt samstarf ÍF, VMÍ og Winter Park Colorado

Staðfest hefur verið formlegt samstarf ÍF og VMÍ við Winter Park í Colorado vegna þróunarstarfs á sviði

Texti: Anna K. Vilhjálmsdóttir



Tekin á

beinið





Fyrsta æfing af þremur í Sparkvallarverkefni ÍF og KSÍ fór fram á sparkvöllinum við Laugarnesskóla þann 15. júní sl. Sérstakir gestir á æfingunni voru landsliðs- og KR-konurnar Edda Garðarsdóttir og Hólmfríður Magúsdóttir. Léku þær listir sínar með þátttakendum á æfingunni og kenndu þeim ýmislegt í göldrum knattspyrnunnar enda engir aukvisar á þar á ferð. Þótti æfingin takast vel og vakti almenna ánægju meðal þátttakenda.

Í lok æfingarinnar buðu þær stöllum, Edda og Hólmfríður, þátttakendum á landsleik Íslands og Slóveníu í undankeppni EM kvenna sem fram fer á Laugardalsvelli 21. júní n.k. Önnur æfing verður haldinn á sama staðsunnudaginn 22. júní og sú þriðja laugardaginn 28. júní en æfingarnar eru settar á í tengslum við landsleiki íslenska kvennalandsliðsins. Sem fyrr verða æfingarnar frá kl. 10.00 til 12.00 og leiðbeinendur þær Marta Ólafsdóttir og María Ólafsdóttir.





Alþjóðleg ráðstefna í Doha, Katar 20. – 22. apríl 2008

Furstaríkið Katar hefur staðið fyrir alþjóðaráðstefnum um málefni fatlaðra frá árinu 2006. Fjöldmargar alþjóðlegar ráðstefnur og íþróttaviðburðir hafa verið haldnar í Katar undanfarin ár. Glæsilegir Asíuleikar voru haldnir árið 2006 og sótt hefur verið um að halda Ólympíuleikana og Paralympics 2016 í Katar. Málefni fatlaðra njóta mikils stuðnings Furstahjónanna og áhersla er lögð á íþróttastarf og endurhæfingu. Heiðursgestir ráðstefnunnar 2008 voru forsetafrúr Íslands, Póllands, Búlgaríu og Albaníu ásamt Cherie Blair, lögfræðingi og eiginkonu Tony Blair, fyrrverandi forsetaráðherra Bretlands.

Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi og fræðslu- og útbreiðsluviðs ÍF, fékk boð um að fara með frú Dorrit Moussaieff til Katar og taka þátt í ráðstefnunni.

Shaffallah Center og íþróttastarfsemi fyrir fatlaða í Katar

Ráðstefnan fór fram í SHAFFALLAH Center í Doha höfuðborg Katar. Innlendir og erlendir sérfræðingar starfa við kennslu og þjálfun fatlaðra barna í SHAFFALLAH Center og starfsemin hefur vakið alþjóðaathygli fyrir metnaðarfullt og árangursríkt starf í

þágu barna með sérþarfir. Hver dagur hefst á hreyfiæfingum auk þess sem þjóðsöngurinn er sunginn. Nemendur 15 ára og yngri fá markvissa hreyfiþjálfun, sértæka þjálfun og meðferð í samræmi við niðurstöður greiningar. Mikið er lagt upp úr tónlist, söng og myndlist. Eitt af meginmarkmiðum starfsins er að gefa hverjum og einum tækifæri á að efla styrkleika sína og nýta þá hæfileika sem eru til staðar. Sértækur stuðningur og þjálfun er skipulögð af sérfræðingum á hverju sviði og heildarstarfið virðist byggt upp af miklum metnaði þar sem fagleg vinnubrögð eru lykilatriði. Í mynd um íþróttastarf í Shaffallah Center var sögumaður, ung stúlka, Fatima. Hún tók viðtöl auk þess að sýnt var frá þátttöku hennar á æfingum og í keppni. Það að hafa stúlku sem fyrirmynd í myndinni vakti athygli og var talið vera staðfesting á því að stúlkur í Katar eigi að njóta sömu tækifæra og drengir.

Dr. Eddie M. Denning, Managing Director, Shaffallah Center var fyrirlesari á ráðstefnunni. Í máli hans kom fram að íþróttaiðkun geti stuðlað að auknu sjálfstæði og sterkari sjálfsmynd og því sé mikil áhersla lögð á íþróttir og hreyfingu. Hann mun gefa nánari upplýsingar um starfsemi Shaffallah Center sé áhugi á því á Íslandi. Netfang hans er; eddiedenning@shaffallah.org

Skoðunarferð var í boði fyrir ráðstefnugesti og margt vakti athygli sem gæti verið áhugavert fyrir íslenska aðila að kynna sér nánar. Heimasíða; www.Shaffallah.org.qa.

Kynnt var íþróttastarfsemi fyrir fatlaða í Katar en fulltrúar landsins hafa tekið þátt í viðburðum á vegum IPC, International Paralympic Committee og SOI, Special Olympics International. Katar sækir um að halda Olympíuleikana og Paralympics árið 2016 og ekkert mun verða til sparað að byggja upp glæsileg íþróttamannvirki.



Samantekt helstu efnispáttta

Efni ráðstefnunnar var margþætt. Megin þema var áhersla á að sýna fram á hvernig íþróttastarf getur stuðlað að aukinni færni barna með sérþarfir og aukið sjálfstæði, sjálfsmynd og sjálfstraust fatlaðra einstaklinga. Cherie Blair, lögfræðingur og eiginkona Tony Blair fyrrum forsætisráðherra Bretlands, flutti mjög athyglisverða ræðu á ráðstefnunni þar sem hún vísaði í samning Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra, 30. grein um íþrótt- og tómstundastarf. Hún sagðist nálgast umræðu um almenn mannréttindi út frá því sjónarhorni að ekki ætti aðeins að horfa á það sem betur mætti fara, heldur væri ekki síður mikilvægt að horfa á það sem gæti skilað jákvæðum árangri og nýta það í baráttu fyrir auknum mannréttindum. Þar gætu íþróttir verið mikilvægur þáttur. Hún benti á að áhugi á íþróttum væri sameiginlegt áhugamál fólks af ólíkum þjóðernum og þjóðfélagstigum og hefðu skapað fyrirmyndir eins og Pele og Muhammed Ali. Í máli hennar kom fram að vinsældir kriketspilara í Bretlandi sem er Shítí, hefðu haft jákvæð áhrif á viðhorf fólks til samfélags Shíta í Bretlandi. Hún taldi það vera almenn og sjálfsögð mannréttindi að allir gætu tekið þátt í íþrótt- og tómstundastarfi og að

yfirstíga þyrfti hindranir sem væru til staðar. Cherie Blair gaf leyfi til þess að ræðan yrði þýdd og birt á Íslandi.

Mikil umræða fór fram um blöndun og/eða aðgreiningu fatlaðra og ófatlaðra. Rætt var hvernig til hefði tekist í skólakerfinu og hjá íþróttahreyfingunni í einstaka landi, hvort um væri að ræða virka þátttöku eða draumsýn, raunverulegan árangur eða orð á pappír. Að vera virkur, hvort sem er í íþrótt-, tómstundastarfi eða í skólastarfi var talið vera lykilatriði þegar valkostir eru metnir. Talið var

mikilvægt að til staðar séu valkostir sem meta þurfi út frá forsendum hvers og eins.

AUTISM SPEAKS er mjög athyglisvert verkefni sem kynnt var á ráðstefnunni. Verkefnið var sett á fót árið 2007 af Bob og Suzanne Wright, USA. Markmið er að auka umræðu og skilning á einhverfu og safna fjármagni til rannsókna á orsökum einhverfu. 2. apríl hefur verið staðfestur sem alþjóðadagur tileinkaður einhverfu AUTISM AWARENESS DAY. Fram kom að greining einhverfu um heim allan fer mjög vaxandi. Andy Shield PHD, Vice President, Scientific Affairs er tilbúinn til þess að veita nánari upplýsingar sé áhugi á Íslandi á samstarfi við samtökin.

Netfang ;

ASHIH@AUTISMSPEAKS.ORG

Heimasíða;

WWW.AUTISMSPEAKS.ORG

Kynnt var starfsemi samtakanna SCOPE í Bretlandi en samtökin telja mikilvægt að auka samstarf hagsmunasamtaka fatlaðra við íþróttahreyfingu fatlaðra og ófatlaðra. Fram kom að í starfi samtakanna hafi komið fram fjölmörg dæmi um að einstaklingar sem þátt tóku í íþróttastarfi sýndu aukna færni á ýmsum sviðum. Þar skipti ekki



máli hvort um var að ræða almennan iðkanda eða þann sem stefndi á hámarksárangur og Paralympics. Heimasíða samtakanna er www.scope.org.uk Cherie Blair flutti ræðu sína í tengslum við þennan dagskrárlið.

Kynnt var verkefni í Trinity College Dublin sem hófst í kjölfar alþjóðaleika Special Olympics 2003 á Írlandi. Staðfest var að leikarnir hefðu haft mjög jákvæð áhrif á viðhorf almennings í garð fólks með sérþarfir. Sérstök námsbraut hefur verið sett á fót fyrir nemendur með sérþarfir og ný tækifæri hafa opnast fyrir þá sem áður áttu ekki möguleika á framhaldsnámi. Verkefnið er talið hafa skilað árangri og haft jákvæð áhrif á viðkomandi nemendur en einnig skólasamfélagið og aðra nemendur. Nánari upplýsingar gefur Patricia O'Brien Ph. D. Director, Trinity College Dublin Netfang; Obrienp3@tcd.ie Heimasíða skólans; www.tcd.ie/niid

Kynntar voru rannsóknir sem unnar hafa verið af samstarfshópi sérfræðinga frá 9 löndum. Ísland óskaði eftir því að rannsakað yrði hvaða lönd hafa stigið það skref að velja fatlaðan íþróttamann eða konu íþróttamann ársins og var tekið vel í þá beiðni. Fulltrúar hópsins staðfestu vilja til að starfa með aðilum á Íslandi sem áhuga hafa á að koma að rannsóknum á þessu sviði. Heimasíða; www.disabilityresearchinsportandhealth.ca. Nánari upplýsingar gefa Jill Le Clair, Ph.D, Toronto, Canada Netfang; jill.leclair@sympatico.ca og Dr.Jagdish C Maharaj. DSM, DCH, MPH, Uni. Sydney. Netfang; jmaharaj@chcs.com.au

Kynntar voru nýlegar rannsóknir sem gerðar voru í Montpellier University, Frakklandi. Rannsókuð var umfjöllun tveggja dagblaða í fimm löndum um íþróttir fatlaðra í tengslum við Paralympics leika árin 2000 og 2004. Greining á ljósmyndum var athyglisverð en þar kom fram að



ljósmyndarar höfðu forðast að sýna fötlun eða tekið mynd sem aðeins sýndi fötlun viðkomandi en ekki hver hann var. Myndir sýndu tilfinningar og viðbrögð frekar en keppnissskap og baráttu.

Þátttakendur ráðstefnunnar komu frá háskólum, samtökum fatlaðra, fjölmiðlum, endurhæfingar- og heilbrigðisstofnunum og sérskólum, auk þess sem afreksfólk úr röðum fatlaðra var á ráðstefnunni sem þátttakendur og fyrirlesarar. Aðeins fjórir fulltrúar voru frá Norðurlöndunum, Solveig Alma Haalas Lyster frá Oslóarháskóla

frú Dorritt Moussaieff, forsetafrú, Helga Þórarinsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu forseta Íslands og Anna Karólína Vilhjálmisdóttir, frkvstj. Special Olympics á Íslandi og fræðslu og útbreiðslusviðs ÍF.

Sú umræða sem fram fór um ákvæði samnings SP um málefni fatlaðra sýnir að væntingar eru gerðar til þess að ákvæðum verði fylgt eftir af aðildarlöndum samningsins. Samkvæmt heimasíðu Félagsmálaráðuneytisins var samningurinn (CONVENTION ON THE RIGHTS OF PERSONS WITH

DISABILITIES) staðfestur á Íslandi 30. mars 2007. Valfrjáls bókun við samninginn um réttindi fólks með fötlun (OPTIONAL PROTOCOL TO THE CONVENTION ON THE RIGHTS OF PERSONS WITH DISABILITIES) var einnig staðfest án fyrirvara. Samningurinn um réttindi fólks með fötlun og valfrjáls bókun við samninginn um réttindi fólks með fötlun hefur verið þýddur á íslensku og er aðgengilegur á heimasíðu ráðuneytisins.

Á ráðstefnunni var lögð var fram greinargerð um íþróttastarfsemi fatlaðra á Íslandi.

Eitt mikilvægasta verkefni Íþróttasambands fatlaðra á Íslandi er að fá fagfólk innan mennta- og heilbrigðiskerfisins í auknum mæli til liðs við það starf ÍF sem tengist útbreiðslu og nýliðun. Eins og fram kom í erindi frá fulltrúum SCOPE er einnig mikilvægt að auka samstarf hagsmunasamtaka fatlaðra og íþróttahreyfinga fatlaðra.

Að mínu mati var mjög mikilvægt fyrir Ísland að frú Dorritt Moussaieff gæti séð sér fært að vera þiggja boð á ráðstefnuna. Ferð hennar til Katar vakti athygli íslenskra fjölmiðla á

ráðstefnunni og þessum mikilvæga málafllokki. Stuðningur íslensku forsetahjónanna við íþróttastarf fatlaðra á Íslandi hefur verið ómetanlegur og Dorrit Moussaieff hefur lagt enn eitt lóð á vogarskálarnar í þágu barna með sérþarfir.

Ég vil að lokum þakka innilega fyrir að hafa verið gefið tækifæri til að taka þátt í ráðstefnunni í Katar. Ísland getur nýtt fjölmargt sem þar kom fram sé áhugi og vilji til þess. Aukið samstarf á sviði rannsókna tel ég mjög áhugavert og mikilvægt fyrir framþróun á sviði íþrótta fatlaðra. Í kjölfar ráðstefnunnar hefur borist ósk frá fulltrúum samtakanna IASE (International Association of Special Education) um að halda ráðstefnu á Íslandi árið 2011. Málið hefur verið kynnt KHÍ.



Golf fyrir hreyfihamlaða— Starfsemi EDGA Evrópsamtaka golfsamtaka hreyfihamlaðra.

Það eru liðin 8 ár frá því GSFÍ tók þátt í stofnun Evrópusamtaka Golfsamtaka hreyfihamlaðra sem fékk skammstöfunina EDGA, European disabled golf association. Í stjórnskrá samtakana kom fram að þau ættu að starfa að málefnum „golfiðkenda með fötlun“ en ekki fatlaðra golfara! Nú munurinn á þessu er mikill og ber fyrst að nefna að iðkendur eru fyrst og fremst einstaklingar sem búa við fötlun, en vilja iðka golfíþróttina eins og hún er iðkuð af ófötluðum. Skjólstæðingurinn er því eins og aðrir iðkendur íþróttarinnar. Þetta skiptir verulegu máli fyrir hvern einstakling að vera ekki í sífelli flokkaður sem öryrki eða eitthvað annað sem fólki dettur í hug.

Fljótlega kom í ljós að í þessum stóra heimi var að finna einstaklinga sem vildu teljast hreyfihamlaðir af ýmsum ástæðum (sem ég get ekki um), en við læknisfræðilega skoðun var oft ekkert sem hafði t.d. áhrif á

golsveifluna eða getu einstaklingsins til að sveifla golfkylfu með eðlilegum hætti. Því hefur verið unnið mikið starf undanfarin ár í að þróa skilgreiningar á því sem telst lámarksfötlun?

Megin sjónarmið við þessa flokkun er ekki að skipa hreyfihömluðum í flokka eftir sjálfri fötluninni, heldur hefur íþróttin sjálf alltaf haft sitt forgjafarkerfi sem flokkar einstaklingin eftir getu en ekki eftir fötlun og til að öðlast viðurkenningu golfheimsins þar á meðal, R & A of St Andrews, fyrir því að golf fyrir hreyfihamlaða falli að skilgreiningu þeirra um hvað sé GOLF. Þetta verður að vera til staðar til að iðkendur geti leikið golf innan þess ramma sem golfsamfélagið hefur sett sér.

Þessi vinna hefur öll verið unnin af sérfræðingum í læknastrétt sem hafa golfiðkun að áhugamáli og sérfræðisvið þeirra fellur að hreyfihömlun. Má þar nefna að einn er prófessor í Hollandi, annar er yfirlæknir við sjúkrahús í Svíþjóð og sá þriðji er franskur læknir sem sjálfur er lamaður á báðum fótum eftir umferðaslys, en hinir báðir búa við hreyfihömlun.

Svo vel hefur tekist við þessa vinnu að R & A sem hefur fylgst með þessu starfi frá upphafi, hefur óskað eftir því við EDGA að samtökin taki að sér að vinna skilgreiningu sem gæti komið að notum fyrir einstaklinga með misþroska og vanþroska eða teljast þroskaheftir með einhverjum hætti, og er unnið að undirbúningi að skipulagi þess.

Í samræmi við niðurstöður þessarrar nefndar eru svo gefnir út læknapassar (Medical Pass) sem gefur viðkomandi einstaklingi rétt til að keppa í mótum sem samþykkt eru af EDGA og þá þarf að fara eftir enn fleiri reglum sem settar hafa verið, ekki ósvipað því sem almennt gerist um golfmót ófaltaðra. Aðrir en þeir sem hafa þessa passa með höndum, fá ekki keppnisrétt í þessum mótum sem eru alltaf opin mót sem boðið er til.

Í beinu framhaldi af þessu mótahaldi hafa verið settar fram reglur um „Order of Merit“ en þá heiðursviðurkenningu fær sá sem bestum árangri nær í mótarið hreyfihamlaðra í Evrópu, en þessi

mótaröð samanstendur af 4-5 mótum sem haldin eru í Evrópu á hverju ári og Evrópumeistaramóti sem haldið er annað hvort ár.

Golfsamtök fatlaðra á Íslandi,
Hörður Barðdal

